

Föstudaginn 13. nóvember 1998.

Nr. 448/1998.

Ríkislögreglustjóri

(Jón Snorrason saksóknari)

gegn

Islandia interneti ehf.

(enginn)

Kærumál. Upplýsingaskylda. Fjarskipti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Sóknaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 9. nóvember 1998, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 12. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. nóvember 1998, þar sem hafnað var kröfu sóknaraðila um, að varnaraðila yrði gert að láta sóknaraðila í té upplýsingar um, hvaða skráðir notendur svokallaðra internets-miðlara varnaraðila kunni að hafa unnið skemmdir og gert breytingar á heimasíðu Garðaskóla og Garðalundar 1. sama mánaðar. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Sóknaraðili krefst þess, að fyrrgreind krafa verði tekin til greina.

Varnaraðili hefur ekki látið málið til sín taka.

I.

Samkvæmt gögnum málsins barst sóknaraðila 4. nóvember 1998 kæra frá tveimur nafngreindum starfsmönnum Garðaskóla, þar sem fram kom, að heimasíðu skólans og Garðalundar hafði verið breytt og spillt sunnudaginn 1. sama mánaðar. Léki grunur á, að sá, sem þar hefði verið að verki, hefði náð aðgangi að einkatölvu annars kærands gegnum svonefnt internet með því að komast að aðgangsorði og leyniorði. Hafi hann væntanlega komið fyrir í tölvunni forriti, sem geri honum kleift að kanna öll gögn í henni, taka þaðan gögn og valda jafnvel tjóni á skráum á meðan unnið sé á henni í tengingu við internet. Hafi sá, sem eigi hlut að máli, getað þannig fengið aðgang að viðkvæmum gögnum, sem svo eru nefnd í kæru.

Uppvíst varð að morgni 2. nóvember 1998, að breytingar hefðu verið gerðar á vefsíðum Garðaskóla. Mun annar kærandsanna, sem

áður er getið, hafa þá leitað til starfsmanns varnaraðila, sem lokaði aðgangi að vefsíðunum, til þess að gera mætti á þeim lagfæringar. Síðar þann dag mun kærandinn hafa verið að vinna að lagfæringunum í tölvu sinni, þegar verulegar truflanir komu fram í vinnslunni. Er þessum truflunum lýst svo í fram lögðum gögnum, að allt, sem kærandi skráði um lykilorð tölvunnar, hafi þurrkast út jafnharðan, ritbendill hafi farið stjórnlaust um tölvuskjáinn og hægst hafi á allri vinnslu í tölvunni. Hafi kærandi þá leitað til annars manns, sem hafi í kjölfarið reynt að lagfæra vefsíðurnar, en öllu, sem hann hafi reynt að gera í þeim efnum, hafi jafnharðan verið breytt. Eftir þetta hafi verið rætt við starfsmann varnaraðila, sem hafi að endingu eytt öllum vefsíðum Garðaskóla og Garðalundar.

Í málatilbúnaði sóknaraðila er talið, að framangreint athæfi leiði til þess, að setja verði umræddar vefsíður upp á nýjan leik, sem hafi í för með sér kostnað og óþægindi. Að auki sé líklegt, að hið sama þurfi að gera við hugbúnað í einkatölvu annars kærandans.

Fyrir liggur, að varnaraðili hefur þegar kannað gögn sín og komist að raun um, að tveir menn hafi gert breytingar á vefsíðunum, sem um ræðir í málinu, án þess að hafa átt að eiga aðgang að þeim til slíkra verka. Mun varnaraðili hafa undir höndum nöfn þessara manna og kennitölur. Hann hefur lýst sig fúsan til að eiga samstarf við sóknaraðila við rannsókn málsins, en telur sér óheimilt að veita umbeðnar upplýsingar nema að gengnum dómsúrskurði um skyldu sína til þess.

II.

Samkvæmt 1. mgr. 87. gr., sbr. b-lið 86. gr. laga nr. 19/1991, getur lögregla krafist upplýsinga hjá yfirvöldum um símtöl við tiltekinn síma eða fjarskipti við tiltekið fjarskiptatæki að fengnum dómsúrskurði um skyldu þeirra til að veita slíkar upplýsingar, enda sé fullnægt skilyrðum 2. mgr. 87. gr. laganna. Líta verður svo á, að upplýsingarnar, sem sóknaraðili leitar eftir, séu þess efnis, að tilvitnuð ákvæði eigi eftir hljóðan sinni við um þær. Skylda til að veita upplýsingar hvílir að vísu eingöngu á yfirvöldum samkvæmt hljóðan b-liðar 86. gr. laga nr. 19/1991. Um þetta verður hins vegar að hafa í huga, að við setningu laganna mun ekki hafa verið á færi annarra en yfirvalda að veita upplýsingar af umræddum toga, en á því hafa orð-

ið breytingar, svo sem meðal annars má ráða af sakarefni þessa máls. Verður því að telja unnt að beita síðastnefndu lagaákvæði með lögjöfnun, þannig, að til álita geti komið að leggja á varnaraðila skyldu til að veita upplýsingarnar, sem krafa sóknaraðila tekur til.

Fallist verður á það með sóknaraðila, að fyrir kröfu hans sé fullnægt skilyrði a-liðar 2. mgr. 87. gr. laga nr. 19/1991, enda er ljóst, að upplýsingarnar, sem varnaraðili býr yfir og áður greinir, geta skipt sköpum fyrir rannsókn málsins. Sóknaraðili telur brotin, sem til rannsóknar eru, geta varðað við 249. gr. a og 1. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, svo sem þeim var breytt með 5. gr. og 6. gr. laga nr. 30/1998. Segir réttilega í hinum kærða úrskurði, að refsing við brotum gegn þeim ákvæðum nái ekki því lágmarki, sem mælt er fyrir um í b-lið 2. mgr. 87. gr. laga nr. 19/1991. Til þess verður hins vegar að líta, að eftir síðastnefndu lagaákvæði er ekki fortakslaust skilyrði fyrir aðgerðum samkvæmt 86. gr. laganna, að tiltekin lágmarksrefsing liggja við broti, heldur má víkja frá því, ef ríkir almannahagsmunir eða einkahagsmunir krefjast þess. Með slíkri háttsemi, sem um ræðir í málinu, má ætla, að færi geti gefist á að fá aðgang að gögnum annarra og komast þannig að upplýsingum um einkahagi þeirra eða rjúfa eftir atvikum friðhelgi einkalífs þess, sem brot beinist gegn. Í málinu hefur því verið borið við, að þeir, sem áttu hér í hlut, kunni að hafa komist í „viðkvæm gögn“ annars kærands með háttsemi sinni. Eru jafnframt leiddar líkur að því, að nokkurt fjártjón hafi orðið af ætluðu broti. Eins og háttað er þeim verknaði, sem málið varðar, er vandséð, hvaða úrræði sóknaraðili hefur önnur til að upplýsa brotið en þau, sem hann krefst hér að fá að beita. Augljóst er, að hið sama getur að öðru jöfnu átt við um sambærileg brot. Er þannig hætt við, að mjög geti dregið úr varnaðaráhrifum þeirra ákvæða almennra hegningarlaga, sem áður er getið, ef rannsókn á brotum gegn þeim er háð þeim takmörkunum, að ekki verði aflað gagna á borð við þau, sem krafa sóknaraðila í þessu máli tekur til. Eins og atvikum er háttað í máli þessu og að gættu öllu framangreindu, verður að líta svo á, að í senn krefjist ríkir almannahagsmunir og einkahagsmunir þess, að sóknaraðili fái aðgang að þeim upplýsingum, sem hann leitar eftir.

Samkvæmt framangreindu er fullnægt skilyrðum b-liðar 86. gr. og

2. mgr. 87. gr. laga nr. 19/1991 til að verða við kröfum sóknaraðila. Verða þær því teknar til greina, svo sem í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Varnaraðila, Islandia interneti ehf., ber að láta sóknaraðila, ríkislögreglustjóra, í té upplýsingar, sem varnaraðili hefur til-tækar, hvaða skráðir notendur internets-miðlara hans kunni að hafa unnið spjöll og gert breytingar á heimasíðum Garða-skóla og Garðalundar 1. nóvember 1998.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 7. nóvember 1998.

Ríkislögreglustjóri hefur krafist þess, að fyrirsvarsmönnum Islandia internets ehf. verði með úrskurði lýst rétt og skylt að láta ríkislögreglustjóra í té allar þær upplýsingar, sem þeir hafa, um það, hvaða skráður notandi eða notendur að internets-miðlurum Islandia ehf. kunni að hafa unnið skemmdir á heimasíðu Garðaskóla og Garðalundar að kvöldi 1. nóvember sl. Vísar ríkislögreglustjóri til 66., 67. og 68. gr. laga um meðferð opinberra mála til stuðnings kröfunni.

Sunnudagskvöldið 1. nóvember sl. komst óþekktur tölvunotandi inn á heimasíðu Garðaskóla og Garðalundar og breytti þeim og brjálaði eigendum til tjóns. Um heimasíðurnar sér fyrirtækið Islandia internet ehf., og leikur grunur á, að einhver af skráðum notendum fyrirtækisins hafi verið hér að verki.

Í b-lið 86. gr. og 1. mgr. 87. gr. laga um meðferð opinberra mála er heimilað í þágu rannsóknar að fá með dómsúrskurði upplýsingar hjá yfirvöldum um fjarskipti við tiltekið fjarskiptatæki. Aftur á móti er í b-lið 2. mgr. 87. gr. laganna sett það skilyrði, að rannsókn beinist að broti, sem varðað geti að lögum átta ára fangelsi, eða ríkir almanna- eða einkahagsmunir krefjist þess. Telja verður, að einkaaðilar, sem nú er heimilt að reka fjarskiptavirki, og viðskiptavinir þeirra njóti verndar þessara lagaákvæða til jafns við yfirvöld á þessu sviði. Sakarefni þetta varðar spjöll á tveimur heimasíðum og gæti í mesta lagi varðað sex ára fangelsi samkvæmt 249. gr. a og 2. mgr. 257. gr. almennra hegningarlaga. Dómurinn álitur, að hvorugu fyrrgreindra lagaskilyrða sé fullnægt, og ber því að synja kröfu ríkislögreglustjóra um, að úrskurðað verði, að fyrirsvarsmönnum Islandia internets ehf. sé rétt og skylt að láta ríkislögreglustjóra í té allar þær upplýsingar, sem þeir hafa, um það, hvaða skráður notandi eða notendur að internets-miðl-

urum Islandia ehf. kunni að hafa unnið skemmdir á heimasíðum Garðaskóla og Garðalundar að kvöldi 1. nóvember sl.

Pétur Guðgeirsson héraðsdómari kvað upp úrskurðinn.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Synjað er kröfu ríkislögreglustjórans um, að úrskurðað verði, að fyrirsvarsmönnum Islandia internets ehf. sé rétt og skylt að láta ríkislögreglustjóra í té allar þær upplýsingar, sem þeir hafa, um það, hvaða skráður notandi eða notendur að internets-miðlurum Islandia ehf. kunni að hafa unnið skemmdir á heimasíðum Garðaskóla og Garðalundar að kvöldi 1. nóvember sl.
